



# AGNIÐ

Fréttabréf SVH

apr 2008

3. tbl. 15. árg.

## Meðal efnis:

### Lokahófið

- Ekki gleyma því

### Hlíðarvatn hreinsunarhelgi


- Þar mæta allir

### Hnýtingarkeppnir

- Kynnið ykkur vel upplýsingar á bls: 6 og 7

## Takið Eintak

Ekki gleyma lokahófinu  
- 23. apríl -



Myndir hér að ofan, frá tveim “aprílvíðburðum” á síðasta ári.  
Til vinstri: Hlíðarvatnsbleikju “kippt” á land um hreinsunarhelgina.  
Til hægri: Þéttskipað í “sófahorninu” á lokahófinu.



**INTERSPORT**  
Húsgagnahöllinni sími. 585 7239 **VEIÐIDEILD**



# AGNIÐ

Útg.: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.  
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is  
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Hans Unnþór Ólason

Ritstjórn: Ævar Ágústsson  
Sími: 6699240

Prentun: Steinmark - www.steinmark.is

## Ritstjórinn

Sælir veiðimenn!

Mig minnir að á svipuðum tíma fyrir ári hafi ég verið að spá í það sem flestir kalla vorveiði í ... ja mismiklum hita. Reyndar hef ég haft það sem nokkurs konar reglu að vera ekkert að byrja fyrr en halla fer að maí, viti menn - þegar þetta blað kemur út er bara hálfur mánuður fram að maí. Opnu húsin, einungis tvö opin hús eftir, svo lokahófið. Veturinn hefur



verið full fljótur að líða. Það þýðir sennilega að fyrstu veiðitúrarnir verða innan "seilingar", þá kannski í hitastigi sem er ekki endilega með rauðlituðu tölunum.

Svo er eitt "gamalt" mál sem ég rakst á, en það er hinn margumræddi Suðurstrandavegur sem á að liggja í nágrenni Hlíðarvatns. Ekki veit ég hvaða ártal er búið að setja á hann núna, ég hef grun um að veiðimenn fái að kenna illilega á honum þegar þar að kemur. Það vill nú frekar brenna við að þar sem umferð eykst - eykst um leið draslið sem menn henda út um gluggana, hvenær ætli það breytist hjá hinum almenna Íslending?

Kveðja; Ævar



Strandgötu 49 - 220 Hafnarfirði  
Sími: 5556226 - Fax: 5556831

# Formaðurinn

## Frá formanninum....

**Já góðir félagar**, nú eru herlegheitin brostin á og efalaust einhverjir þegar búnir að renna fyrir sjóbirting. Veiðimenn iða í skinninu þegar sólin vermir og menn þykjast skynja vor í lofti, rétt að kíkja aðeins á græjurnar allavega, sjá hvort ekki sé allt í standi frá s.l. sumri. Það þarf að teygja á línunni og jafnvel bóna hana líka, fluguboxið væntanlega troðfullt eftir hnýtingar vetrarins og muna að setja olíudropa á hjólin. Úff..... ég get varla beðið og man ekki eftir annari eins tilhlökkun að vori, (sjálfsagt hefur mér nú einnig liðið svona í fyrra) en ég reikna með að byrja austur í Fossálum hjá vinum okkar í SVFK, fyrsta sinn sem ég veiði þar og það getur bara orðið gaman, jafnvel þó vetrarleifar láti á sér kræla.

**Annars** hefur vetrarstarfið gengið vel hjá okkur og góð mæting á opin hús, fjöldi nýrra félaga hefur gengið til liðs við okkur og tókum við þeim fagnandi. Minni menn á að taka þátt í hnýtingarkeppninni, þið vitið, gamli ungmennafélagsandinn í hávegum, ekki aðalatriðið að vinna heldur vera með.



Vatnslítill Urriðafoss frá síðasta sumri.

**Komandi** sumar verður líka gott hef ég fulla trú á, góður vatnsbúskapur eftir úrkomumikið tímabil, nánast frá því í ágúst, ýmist rigning eða frosin rigning. Og þá er bara að muna að ganga vel um veiðistaði og bráð, skilja ekki eftir sig nein verksummerki og bara veiða og sleppa þegar maður er kominn með í matinn. Ekki það, þetta með að veiða og sleppa á hver við sig nema þar sem reglur kveða á um annað og meðalhófið alltaf best í þessu eins og öðru.

**Ég vil** hvetja félagana til að vera duglegir að kíkja í Kleifarvatnið í vor og sumar, og láta okkur endilega vita hvernig gengur, muna að taka myndavélina með í alla túraa og senda okkur til birtingar í Agninu eða á heimasíðunni næsta vetur... Lífsmark félagsins verður aldrei meira en spegill af ykkar framtaksemi.

**Það styttest** í lokahófið kvöldið fyrir sumardaginn fyrsta og þá mæta auðvitað allir og skála kannski í einum köldum fyrir komandi veiðisumri, og einhverjir heppnir fara heim með glæsilega vinninga úr happdrættinu. Endilega koma og taka með sér gesti.

Við sjáumst,  
kv. Hans Ólason

# Uppskriftin

## Tapas snittur með laxi (eða silung)

Hann Trausti Magnússon kokkur og veiðimaður kíktti til okkar um daginn og sýndi hvernig mætti töfra fram veislurétti með lítilli fyrirhöfn. Þetta er tilvalið tækifæri til að nýta þann fisk sem enn er til í frystinum frá síðasta ári, ef svo ólíklega vildi til að einhverjir ættu slíkt. Fiskurinn sem á að nota er soðinn og kældur. Eftir það er hann roð og beinhreinsaður. Síðan er fiskurinn notaður í makið, sem er búið til í matvinnsluvél.



Hér að ofan: Fimm tegundir af snittum frá Trausta, hinar þrjár tegundirnar koma í næsta blaði.

### Tapassnitta I

Snittubrauð  
Tómatsneið  
Laxa (eða silunga) mauk  
Mosarellaostur

**Mauk:** Lax, salt, pipar, sítrónusafi, mayonaise eða sýrður rjómi, hunang og salsa sósa.

Hér er mosarellasneið sett ofaná makið

### Tapassnitta II

Snittubrauð  
Laxa (eða silunga) mauk  
Rauðlaurur

**Mauk:** Lax, hvítlaurur (nokkur rif), salt, sítrónusafi, ólífulía

Rauðlaurur saxaður fínt og settur ofaná makið.



**FJARÐARKAUP**  
*Verslun Veiðimannsins*

# Lokahófið

## “Kvöldið fyrir Sumardaginn Fyrsta”

Nú er farið að styttest all verulega í Lokahófið okkar.

Það verður 23. apríl og við förum ekki að bregðast að þessu sinni og lofum miklu fjöri, happadrættið verður á sínum stað og ábyggilega kíkir einhver “leynigestur” inn.

Við minnum veiðimenn og konur að taka kvöldið frá.

Dagur: 23. apríl

Mæting: 20:00 (Skylda)

Staður: Flatahraun 20

Muna að taka með sér gesti.



Húskarlar og vinnur þeirra munu.

Frá síðasta lokahófi: Þegar borðin fóru að vera upptekin brugðu sumir á það ráð að ganga í vinaklúbb húskarla og láta “taka frá” borð.

# Leynivopnið 2008

Enn og aftur er hleypt af stokkunum fluguhnýtingarkeppninni Leynivopnið.

Þetta er sjötta árið sem Veiðihornið og Landsamband Stangaveiðifélaga (LS) standa að keppninni.

Markmið keppinnar er að stuðla að auknum áhuga á fluguhnýtingum innan aðildarfélaga Landsambands Strangaveiðifélaga, og ekki síður að lokka leynivopnin uppúr boxum veiðimanna. Í þetta skiptið er keppninni ætlað að hvetja aðildarfélög LS til dáða og stuðla að auknu félagslífi í kringum keppnina.

Gert er ráð fyrir að hvert aðildarfélag LS haldi innanfélagskeppni þar sem keppt er í tveimur flokkum, fullorðinsflokki ( frá 17 ára aldri , fæddir fyrir 1991) og barna- og unglingsflokki (börn og unglingar fædd 1991 og síðar).

Senda skal í innanfélagskeppnina 2 eintök af frumsamdri flugu og má senda bæði laxa og silungaflugur. Flugan má hafa haldbæra veiðireynslu en má ekki vera orðin þekkt veiðifluga. Ekki er verra að góðar veiðisögur tengdar flugunni fylgi með.

Hvert aðildarfélag velur síðan sín leynivopn í hverjum flokki til þátttöku í Leynivopninu 2008. Alls 12 flugur. Sex flugur í flokki fullorðina, 3 laxaflugur og 3 silungaflugur og sex flugur í flokki barna- og unglinga, 3 laxaflugur og 3 silungaflugur.

Ljósmyndir verða teknar af flugunum og birtast þær á vef Veiðihornsins,

([www.veidihornid.is](http://www.veidihornid.is)).

Dómnefnd skipuð stjórn LS velur síðan Leynivopnið 2008 og verða úrslit kunngjörð og verðlaun afhent í Veiðihorninu, Hafnarstræti.

Úrslitin verða einnig kunngjörð á vef Veiðihornsins.

Verðlaun verða glæsileg að vanda.

Skilafrestur á flugum í keppnina Leynivopnið er 25. apríl nk, en þá þurfa félögin að hafa lokið sínu vali og skilað flugum til LS.



# Efnilegasta silungaflugan 2008

Flugan skal vera silungafluga hnýtt á öngulstærð frá nr. 8 til 12. Að öðru leyti er frjálst með hvernig hún er hnýtt (**púpa, straumfluga eða fullklædd**)

Hver hnýtari má skila inn allt að þrem flugum í silungaflugukeppnina ásamt því að skila einnig inn flugu / flugum í Leynivopnið 2008.

Ef hnýtatar ætla einnig að skila inn flugum fyrir Leynivopnið þurfa það að vera laxaflugur, því þrjár efstu flugurnar í okkar keppni fara sjálfkrafa í Leynivopnskeppnina.

Flugan / flugurnar skal merkja með dulnefni og skila þarf líka inn lokuðu umslagi með nafni viðkomandi og skal umslagið merkt með sama dulnefni

Húskarlar skipa þriggja manna dómnefnd sem dæmir flugurnar

Ekki verður einungis dæmt út frá fegurð hnýtingar heldur einnig út frá hversu veiðileg flugan þykir.

Flugunni þarf að skila í síðasta lagi á opnu húsi þann 17. apríl 2008.

Með flugunni þarf að fylgja uppskrift og helst heimild til að birta mynd af flugunni og uppskriftina í Agninu og vef SVH

## Hlíðarvatnsboxið?

Ég fékk að mynda þetta líka snyrtilega box hjá einum félagi okkar í SVH, hvort einhver þeirra birtist í keppnunum er aldrei að vita. Þetta er reyndar ekki í lit, en bara láta ímyndunaraflið ráða.

“Lítið og dökkt - svínvirkar alltaf í Hlíðarvatni” sagði viðkomandi.





# Hreinsunarhelgi við Hlíðarvatn

Ekki má gleyma hreinsunarhelginni.

Hún verður 26. og 27. apríl n.k.

Að vanda er eitt og annað sem þarf að gera fyrir sumarið, (fyrir utan hin hefðbundnu hreinsunarstörf), þannig að við hvetjum alla félagsmenn (og konur) að renna við og rétta hjálparhönd.

Gott er að hafa tvennt í huga:

- Margar hendur vinna létt verk
- Íslensk kjötsúpa




Frá síðustu hreinsunarhelgi:  
“Við ætlum alla leið þangað  
upp ....”  
Þarna er undirbúningur hafinn  
við smíði “bíslagsins”.



## "Skoðanakönnunin"

Gerð var óformleg skoðanakönnun við afgreiðslu veiðileyfa. Viðkomandi var beðinn að merkja við hvort flýta / breyta ætti úthlutun / afgreiðslu veiðileyfa. Niðurstaðan er hér fyrir neðan (tafla og kökurit). Eins og sjá má eru ekki margir sem vilja breyta (tæp 16%)

Óbreytt	84,21%
Nóv	3,51%
Des	5,26%
Jan	3,51%
Feb	3,51%




## Heimasíða Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar

Munið heimasíðu SVH

Slóðin er [www.svh.is](http://www.svh.is)

Efni, ábendingar & annað slíkt sendist á:  
[webmaster@svh.is](mailto:webmaster@svh.is) eða [stjorn@svh.is](mailto:stjorn@svh.is)



# “Veðiþfróðleikur”

Stutt saga....

Árið 1887 fékk bandaríkjamaðurinn Everett Horton einkaleyfi á útdraganlegri veiðistöng . Sagan segir að Everett hafi fát skemmtilegra vitað en að renna fyrir fisk á sunnudagseftirmiðdegi og hver getur ekki tekið heilshugar undir það? En því miður fyrir hann átti hann heima í strangtrúðu samfélagi í Connecticut í Bandaríkjunum, þar sem slíkt atferli var lítið hornauga, svo ekki sé dýpra í árinna tekið. Á þessum tíma



áttu allir að vera í kirkju á sunnudögum og iðka guðsótta og góða siði, en ekki sullandi í einhverjum ársprænum eins og hver annar iðjuleysingi og láta sér liða vel.

Því stóð Everett frammi fyrir því verkefni að komast til veiða svo lítið bæri á, framhjá sakfelli augnaráði hinna trúræknu samborgara. Þá datt honum í hug að smíða útdraganlega veiðistöng sem auðveldlega mátti fela innanklæða. Stöngina smíðaði hann úr næfurþunnum stálrörum, ekki ósvipaða útvarpsloftneti á bíl, og það sem var afar athyglivert var að línan lá innaní rörinu/stönginni en ekki utaná eins og við eigum að venjast, sem gerði honum auðveldara um vik að ferðast í kjarrivöxnu landslaginu. Þessi uppfinning, ásamt fleiri stangartegundum og veiðihjólum, lagði síðan grunninn að fyrirtæki hans „Horton Manufacturing Co of Bristol“, sem verslaði með veiðivörur langt fram á fimmta áratug síðustu aldar.

Haft er eftir söfnurum að stöngin hafi nú verið í stífara lagi og skyldi engan undra, og þegar gerviefni ruddu sér til rúms í ýmiskonar iðnaði fór að halla verulega undan fæti hjá Everett vini vorum.

Eitt var þó skemmtilegt við fyrirtækið hans og það voru auglýsingarnar sem þóttu sérlega vandaðar og vel gerðar, m.a. voru gefin út almanök með máluðum myndum eftir vinsælustu listamenn þess tíma. Ekki nóg með það, heldur sýndu margar þeirra konur að veiðum, já já gömul saga og ný, kynþokkinn selur. Ekki þar fyrir, þær voru fullklæddar og síðsamlegar í alla staði en áttu það allar sammerkt að vera sérstaklega fallegar.....

# “Veiðifróðleikur” - framh.

Og talandi um kynþokka....

Á mjög fallegu boðskorti í árlegan galakvöldverð hjá gömlu og rótgrónu stangaveiðifélagi í Bretlandi voru líka myndir af konum.... eða öllu heldur hafmeyjum, afskaplega vel byggðum og seiðandi svo ekki sé meira sagt. Þegar formaður stangaveiðifélagsins var spurður hverju sætti svaraði hann því til að þetta væri ævagömul hefð sem honum þætti vel þess virði að halda í, og myndirnar voru undantekningalaust af hafmeyjum sem virtir félagar í stangaveiðifélaginu áttu að hafa veitt.

Sé farið á Netið og flett upp „hafmeyjar - goðsagnir“ kemur ýmislegt fróðlegt upp, m.a. að á Viktoriútímabilinu hafi hafmeyja, í vissum hópi, verið gælunafn á „óþekktum stúlkum sem veittu hefðarmönnum félagsskap“, ef þið skiljið hvað ég meina? Þannig má álykta að á svipuðum tíma og Everett vinur okkar var að læðupokast með útdraganlegu stöngina sína innanklæða til að forðast þóttalegt augnaráð hinna guðhræddu samtímakvenna, hafi heiðursveiðimenn á Viktoriútímabilinu verið að pakka niður veiðistöngum og hjólum, ásamt hóflegum skammti af árbakkavermi og eytt deginum í að dandalast á vatnsbökkum í fylgd fagurra „hafmeyja“, víðsfjarri andmæla suði mæðra og eiginkvenna sem eflaust hefur verið samfellt.

Það má svo velta fyrir sér þeirri staðreynd að meðan veldi Everett Horton reis og hneig á tæpri öld eru enskir veiðimenn ennþá að borða og veiða saman, hver svo sem boðskapurinn í því kann að vera....

Lauslega þýtt, úr Trout and Salmon...  
Hans Ólason



# Bylting

## í fluguveiðum



Með LOOP OPTI ZPEY, nýju flugustönginni, verður áreynslan minni og líkamsbeitingin mun betri sem leiðir af sér margfalt minna líkamlegt álag, einkum á handleggji, herðar og háls.

Nýtt átak, ný og einfaldari kastækni, þægilegra hald og mun sveigjanlegri stöng, en allt þetta ásamt draumakringumstæðum gerir stangveiðina engu líka.

Nýja LOOP OPTI ZPEY-flugustöngin er það sem koma skal

 **Ellingsen**

– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • [www.ellingsen.is](http://www.ellingsen.is)  
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630  
Opíð mánud.–föstud. 10–18 og laugard. 10–16